

# FUNDARBOÐ

**230. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra var haldinn miðvikudaginn 28. júní 2023 kl. 13:00 í gegn um teams**

## Fundarmenn

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson  
Sigríður Friðný Halldórsdóttir  
Anna Karen Úlfarsdóttir  
Kristín Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Porkelsson  
Jóhannes Haukur Hauksson

## Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umferðarhávaði á Akureyri
3. Svifryk á Akureyri
4. Drög að samþykkt um fráveitur í Dalvíkurbyggð
5. Ársreikningur 2022
6. Umsagnir
7. Útgefin starfsleyfi
8. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
9. Staðfestar skráningar
10. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 229. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 3. maí sl. Þá var meðal annars rætt um aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða og svifryksmælingar á Akureyri.

Enn hafa ekki borist svör frá Akureyrarbæ varðandi aðgerðir gegn umferðarhávaða hvorki til hvaða aðgerða hefur verið gripið né heldur hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar. Akureyrarbær hefur heldur ekki svarað fyrirspurn varðandi nýja svifryksmæla og niðurstöður úr þeim

## 2. Umferðarhávaði á Akureyri

Á 141. fundi Umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar þann 20. Júní sl. var bókun af 229. fundi Heilbrigðisnefndar varðandi umferðarhávaða á dagskrá. Í fundagerð kemur fram að forstöðumanni umhverfis- og sorpmála hafi verið falið að svara fyrirspurninni sem fram kom í bókuninni f.h. sveitarfélagsins. Þá óskaði ráðið eftir því að í haust yrði lögð fram tillaga að uppfærðri aðgerðaráætlunum.

*Að mati Heilbrigðisnefndar er eðlilegt að aðgerðaráætlun varðandi umferðarhávaða verði uppfærð enda gildir núverandi áætlun til ársins 2023. Nefndin bendir hins vegar á að mikilvægara er að grípa til raunverulegra aðgerða til þess að draga úr umferðarhávaða, enda liggur fyrir hvar vandinn er mestur. Því leggur nefndin áherslu á að vinna við að uppfæra aðgerðaráætlun verði ekki til þess að tefja enn frekar nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.*

*Þá ítrekar nefndin fyrirspurnir sínar frá 228. og 229. fundi varðandi það til hvaða aðgerða Akureyrarbær hafi gripið til þess að draga úr umferðarhávaða í bænum, hvaða árangri aðgerðirnar hafi skilað og hvaða frekari aðgerðir séu áformaðar á næstunni.*

## 3. Svifryk á Akureyri

Upplýsingar úr nýjum loftgæðamælum sem settir voru upp í ársbyrjun eru ekki enn orðnar aðgengilegar á síðunni loftgaedi.is og gagnast því almenningi ekki. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær frágangi mælanna lýkur. Á 141. fundi Umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar þann 20. júní var forstöðumanni umhverfis- og sorpmála falið að svara fyrirspurn Heilbrigðisnefndar frá 229. fundi varðandi mælana og niðurstöður úr þeim. Í fylgiskjali með fundargerð Umhverfis- og mannvirkjaráðs er að finna nýútkomna skýrslu frá verkfræðistofunni Eflu um upprunagreiningu svifryks á Akureyri. Í skýrslunni kemur m.a. fram að sandur, jarðvegur og salt mynda samanlagt 61% af öllu svifryki á Akureyri. Er líkum leitt að því að hálkvarnarefni sem dreift er á götur sé stærsti hluti þessara efna og aðalorsök svifryksins.

*Heilbrigðisnefnd fagnar því að skýrsla um upprunagreiningu svifryks sé loks tilbúin, tveimur árum eftir að sýnatökum lauk. Nefndin ítrekar fyrri bókanir og fyrirspurnir um hvenær niðurstöður úr nýjum mælum verði aðgengilegar og til hvaða aðgerða gripið verði m.t.t. mælinganna og þeirra greininga á uppruna svifryks sem nú liggja fyrir. Að mati nefndarinnar er afar mikilvægt að niðurstöðurnar verði notaðar til þess að draga úr svifryki með raunhæfum aðgerðum, til dæmis með því að endurskoða aðferðir við hálkvarnir. Bent er á að þarna er um mikilvægt lýðheilsuál að ræða sem ber að taka föstum tókum.*

## 4. Drög að samþykkt um fráveitur í Dalvíkurbyggð

Lögð voru fram drög að samþykkt um fráveitur í Dalvíkurbyggð.

**Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir**

## 5. Ársreikningur 2022

Endurskoðaður ársreikningur vegna ársins 2022 liggur fyrir og hefur verið áritaður af nefndarmönnum með rafrænum hætti.

## 6. Umsagnir

1. Bygging hótels í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit, umsögn um matsskyldufyrirspurn
2. Nýr 7,6 km vegur yfir Brekknaheiði, umsögn um matsskyldufyrirspurn
3. Umsögn um aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit

## 7. Útgefin starfsleyfi

1. Hallgrímur Óli Guðmundsson kt.210672-5599, Helluland 2, 641 Húsavík, Gististaður
2. Úr héraði ehf. kt.500822-1550, Dalakofinn, 650 Laugar, veitingastaður
3. Fógeti ehf. kt. 640323-0940, Skúlagarður, 671 Kópasker, gististaður með veitingasölu
4. Aj veitingar kt. 531106-0160, Katlavöllur, 640 Húsavík, veitingasala
5. Fógeti ehf. kt. 640323-0940, Ketilsbraut 20, 640 Húsavík, sala á gistingu
6. Brynjar Árnason kt. 280592-2939 Guesthouse Klambrasel, Klambraseli, 641 Húsavík, gistiheimili
7. Hildur Óladóttir kt. 311065-3009 Melar guesthose, Bakkagötu 3, 670 Kópasker, gistiheimili
8. HN ehf. kt. 511219-0780 Hótel Goðafoss Fosshóll, 641 Húsavík, gististaður með veitingasölu
9. Djákninn ehf. kt. 530716-1120 Sjoppa mín, Héðinsbraut 6, 640 Húsavík, sala á veitingum
10. Húsheild ehf. kt. 640107-0300, Múlavegur 3, 660 Mývatn, mótuneyti
11. Skotfélag Húsavíkur. kt. 710590-2579, Vallmóar, 640 Húsavík, Skotæfingasvæði og félagsaðstaða
12. Vatnajökulsþjóðgarður kt. 441007-0940 Ásbyrgi, 671 Kópasker, tjaldstæði. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
13. Ílit snyrtistofa kt. 541108-1220, Sandskeið 22, 620 Dalvík, Snyrtistofa
14. Berglind Ósk Guðmundsdóttir kt. 080480-4319, Hvassaland 5, 601 Akureyri, gististaður
15. Brimhóll ehf. kt. 610223-0790, Aðalgata 8, Hauganesi, 621 Dalvík, gististaður
16. SH import ehf. kt. 610420-0950, Kaupvangsstræti 1, 600 Akureyri, söluturn
17. Vendo ehf. kt. 510523-2370, Vættagili 20, 603 Akureyri, Innflutningur og sala á áfengi og drykkjum
18. Ferro Zink hf. Kt. 460289-1309, Árstígur 6, 600 Akureyri, heitzinkhúðun á stáli.
19. Blikk- og tækniþjónustan ehf. Kt. 431188-1479, Fjölnisgata 3b, 603 Akureyri, blikksmiðja.
20. Gokart Akureyri ehf. Kt. 500323-0190, Hlíðarfjallsvegi 13, 603 Akureyri, akstursbraut (GoKart).
21. Gústaf Már Gústafsson (Gelblaster Akureyri) kt. 040205-2170, við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri leikbyssuvöllur- **Afgreiðslu frestað**
22. Cafe Aroma ehf. kt. 560523-0680, Goðabraut 2, 620 Dalvík, kaffihús
23. Dekkjahöllin ehf. kt. 520385-0109, Draupnisgata 5, 603 Akureyri, dekkjaverkstæði og smurstöð
24. 6066 ehf. kt. 490323-1040, Tryggvabraut 24 (208 og 209), 600 Akureyri, sala á gistingu
25. EATalian ehf. kt. 430518-0380, Akureyrarflugvelli, sala á veitingum.
26. Viktorija Arnardóttir kt. 020895-3579, VA snyrtistofa Kaupangi við Mýrarveg, 600 Akureyri, snyrtistofa
27. Delta lausnir ehf. kt. 661077-0269, Margrétarhagi 8, 600 Akureyri fótaaðgerða- og fótanuddstofa

28. Izabela Anna Mikicka kt. 140568-2609 B&B Rooms Husavik, Laugarbrekku 16, 640 Húsavík, gististaður án áfengisveitinga. **Samþykkt með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar**
29. Strompur ehf. kt. 640820-1520, Þórsmörk 2, 606 Akureyri, sala á gistingu, **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
30. Lerkilundur ehf. kt. 611119-1780, Hagatún 6, 604 Akureyri, gistiþjónusta, **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
31. Vikingapylsur ehf. kt. 651121-0860, við Sundlaug Akureyrar, 600 Akureyri, pylsuvagn

**Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með fyrirvörum sem tilteknir eru.**

## **8. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE**

1. Olís ehf. kt. 500269-3249, við Borgarbraut, 603, Akureyri, sjálfsafgreiðslustöð með eldsneyti
2. Olís ehf. kt. 500269-3249, Skíðabraut 21, 620, Dalvík, bensínstöð með veitingasölu

**Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars**

## **9. Staðfestar skráningar**

Staðfestar hafa verið skráningar vegna eftirtalinnar atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022

1. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Gránufélagsgata 10, 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja
2. Björgunarsveitin Dalvík kt. 590582-0269, flugeldasýning við Dalvíkurhöfn 12. ágúst 2023
3. Hörgársveit, kt. 510101-3830, flugeldasýning á Hjalteyri 5. ágúst 2023
4. ÁK Smíði ehf. kt. 450404-2840, Eyrarlandsvegur 28 (MA), 600 Akureyri, niðurrif mannvirkja

**Heilbrigðisnefnd samþykkir ofantaldar skráningar**

## **10. Önnur mál**

Efnishaugur á Norðurtanga við Glerárósa á Akureyri

Framkvæmdastjóra var falið að kanna hvort Akureyrarbær sé, í samræmi við ákvarðanir Skipulagsráðs á fundum sínum þann 6. júlí 2022 og 10. janúar 2023 byrjaður að innheimta dagsektir af Finni ehf. vegna efnishauganna sem enn eru á svæðinu.

Næsti fundur er áætlaður í byrjun september

# Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar  
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE  
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi  
Jóhannes Haukur Hauksson